

Tónlistarskóli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar

Viltu læra á hljóðfæri? Spurningar og svör.

1. Hvar er tónlistarskólinn?

Tónlistarskólinn er í sama húsnæði og grunnskólinn. Nemendur sækja tíma að mestu á skólatíma. Flestir eru með róterandi stundatöflu og mæta tvisvar í viku.

2. Á hvaða hljóðfæri get ég lært?

Þú getur lært á píanó, klassískan eða rafmagnsgítar, harmonikku, bassa, trommur, fiðlu, lágfiðlu, selló, blokkflautu, þverflautu, klarinett, saxofón, óbó, trompet, horn, túbu og tónfræði. Sum hljóðfæri leigjum við út til nemanda.

Því miður getum við ekki boðið upp á söngkennslu eins og stendur.

3. Er laust pláss á öll hljóðfæri?

Sum, ekki öll. En ef þú hefur áhuga skaltu sækja um. Þú ferð sjálfkrafa á biðlistann.

4. Hverjir eru að kenna?

Guðjón Magnússon, Guðjón Steinþórsson, Alda Rut Garðarsdóttir og Gillian Haworth (Dillý)

5. Hvernig sæki ég um?

Einfaldast er að sækja um á netinu: Skráningarsíðan er á schoolarchive.is. Finndu „innskráning“, svo „umsókn um skólavist“ og veldu skólann: Tónlistarskóli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar.

Ef þú ert ekki viss eða lendir í vandræðum, geturðu sent tölvupóst á toner@fjardabyggd.is. Við veitum góð ráð. Umsóknir frá því í fyrra eru ennþá í gildi og við munum hafa samband.

6. Get ég verið í hópkennslu með vini?

Já. Það gengur oft mjög vel en stundum er best að vera einn.

7. Er ég of ungur...eða jafnvel of gamall?

Þú ert ekki of gamall en það er algjörlega einstaklingsbundið hvaða aldur er heppilegur byrjunaraldur.

8. Er dýrt að læra á hljóðfæri?

Nei, sveitarfélagið borgar niður skólagjöld til þess að gera öllum börnum kleift að stunda tónlistarnám og fjölskylduafsláttur er í boði. Fyrir önnina (upb. 15 klst eða 30 kennlustundir) kostar 28.600kr í einkatíma og 17.000kr í hóptíma en fullorðinsgjald er helmingi hærra. Gjaldskráin er á fjardabyggd.is

9. Ég var í tónlist í fyrra. Þarf ég að innrita mig aftur?

Nei, nemendur sem voru í námi í vor halda sjálfkrafa áfram. Þú þarft hinsvegar að tilkynna á toner@fjardabyggd.is ef þú ætlar að skipta um hljóðfæri, breyta um námsfyrirkomulag eða hætta.

10. Mig langar að hringja og spyrja...

Já, það er í góðu lagi! Vertu velkomin/n að hringja í 8659168. Dillý heiti ég, eða senda fyrirspurn í tölvupóst: toner@fjardabyggd.is. Hlakka til að heyra frá þér.

